



Skjalahald og rekjanleiki í skýslum rannsóknarnefnda

Jóhanna Gunnlaugsdóttir prófessor

Rannsóknarskýrslunni svarað!

Bestu leiðir til að hafa skjölun og verkferla í lagi

Hádegisverðarfundur á Grand Hótel þriðjudaginn 5. október 2010 kl. 12-14



Umfjöllunin í dag

- Rekjanleiki, verklag og ábyrgð
- Lagaumhverfi
- Fáein atriði í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis varðandi skjalahald
- Fáein atriði í skýrslu þingmannanefndar til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis varðandi skjalahald
- Þekking á skjalastjórn og viðmið; lög og staðlar
- Hvað stendur í veginum fyrir skilvirku skjalahaldi og rekjanleika?
- Upplýsingalög og alþjóðlegur dagur um frjálst aðgengi að upplýsingum



Rekjanleiki, verklag og ábyrgð

- Gegnsæi og rekjanleiki í opinberri stjórnslu og starfsemi einkafyrirtækja er krafa samtímans
- Leggja þarf áherslu á að aðgengi að upplýsingum sé einfalt og verklag í takt við lög og reglur og vönduð og samræmd vinnubrögð
- Ábyrgð þeirra sem vinna við skjalastjórn og skjalahald og fjalla um þau mál er mikil
- Ábyrgðin er þó ríkust hjá æðstu stjórnendum



Lagaumhverfi

- Skýlt er að skjalfesta, skrá og miðla tilteknum upplýsingum
- Hérlendis er talsvert til af lögum sem taka til upplýsinga, skjalfestra sem munnlegra, meðal annars hvað varðar skráningu, aðgengi og upplýsingaskyldu



Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis (1/5)

- Sérstakar starfsskyldur hvíla á embættismönnum ráðuneyta um að veita ráðherra upplýsingar og ráð
- Í því felst m.a. að veita upplýsingar að eigin frumkvæði um málefni sem hafa mikla þýðingu fyrir embættisfærslu ráðherra



Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis (2/5)

- Við rannsókn á gögnum í innra starfi ríkisstjórnarinnar og Stjórnarráðs Íslands, sem urðu til á árunum 2007 og 2008, kom í ljós að samræmt verklag var ekki fyrir hendi varðandi skráningu upplýsinga
- Þá er átt við upplýsingar sem fóru á milli stjórnvalda innbyrðis, stjórnvalda og einkaaðila svo og um samskipti við stjórnvöld annarra ríkja



Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis (3/5)

- Í þessum tilvikum eru samskiptin liður í að rækja þau opinberu verkefni sem hlutaðeigandi hafa með höndum og það kynni því að hafa verulega þýðingu að glöggst liggi fyrir hvað aðilum hefur farið í milli
- Hvað varðar skráningu munnlegra upplýsinga innan stjórnarsýslunnar er í 23. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996 mælt fyrir um skyldu til skráningar upplýsinga sem fram koma munnlega við nánar tilgreindar aðstæður



Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis (4/5)

- Mismunandi starfsvenjum var fylgt innan ráðuneyta og stofnana um skráningu minnisblaða og fundargerða
- Bent er á að hér á landi hafi ekki mótast almennar reglur um skráningu upplýsinga sem lúta að innra starfi stjórnvalda, samskiptum og meðferð einstakra mála



Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis (5/5)

- Rannsóknarnefnd Alþingis telur brýnt að samdar verði samræmdar reglur um skráningu viðeigandi upplýsinga enda verði hagsmuna ríkisins ekki gætt á viðunandi hátt án skipulegrar skráningar upplýsinga og upplýsingastjórnunar hjá Stjórnarráði Íslands



Skýrsla þingmannanefndar til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (1/3)

- Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis er áfellingisdómur yfir íslenskri stjórnarsýslu, verklagi hennar og skorti á formfestu
- Aðilar innan stjórnarsýslunnar telja sig ekki þurfa að standa skil á ákvörðunum sínum og axla ábyrgð
- Vegna smæðar samfélagsins skiptir formfesta, skráning upplýsinga, verkferlar, tímamörk og skýr ábyrgðarsvið enn meira máli en í stærri samfélögum
- Í ljós kom að upplýsingaskylda ráðuneyta og stofnana, innbyrðis og út á við, virðist ekki hafa verið virk né heldur frumkvæðisskylda, gagnsæi og rekjanleiki



Skýrsla þingmannanefndar til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (2/3)

- Bent er á að samkvæmt niðurstöðum rannsóknarnefndar Alþingis hafi fundargerðir ríkisstjórnarinnar verið knappar og yfirborðskenndar og slíkt sé óheppilegt
- Mikilvægt er að fundargerðir ríkisstjórnar séu ítarlegar, skráðar með skýrum hætti og birtar opinberlega
- Með því aukist gagnsæi stjórnarsýslunnar auk þess sem möguleiki á eftirlitshlutverki Alþingis með framkvæmdarvaldinu aukist
- Á fundum innan Stjórnarráðsins er rétt að skráðar séu fundargerðir svo og þegar oddvitar ríkisstjórnar eða ráðherrar koma fram gagnvart aðilum úr stjórnkerfinu eða utanaðkomandi aðilum
- Eðlilegt er að oddvitar stjórn mála flokka eigi með sér samráðsfundi en engu síður er nauðsynlegt að setja reglur um skráningu einstakra ákvarðana í mikilvægum málefnum á slíkum fundum



Skýrsla þingmannanefndar til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (3/3)

- Þingmannanefndin tekur undir með rannsóknarnefnd Alþingis og telur að skort hafi á að formfestu og nákvæmni hafi verið gætt í mikilvægum samskiptum við fulltrúa erlendra þjóða í aðdraganda hruns
- Í ljósi niðurstaðna rannsóknarnefndar Alþingis er mikilvægt að ráðist verði hið fyrsta í endurskoðun á stjórnarsýslulögum, upplýsingalögum og lögum um Stjórnarráð Íslands



Þekking og viðmið

- Fræðileg og hagnýt þekking á skjalamálum
- Góður hugbúnaður til rafrænnar skjalastjórnar, rafræn skjalastjórnarkerfi
- Kunnátta á því hvernig innleiða skuli þess háttar kerfi
- Lagaumhverfi
- Alþjóðlegir og íslenskir staðlar og reglur
- Rannsóknarskýrslurnar tvær



En, hvað stendur þá í veginum?

- Mikilvægt er að æðstu stjórnendur geri sér grein fyrir þýðingu upplýsinga- og skjalastjórnar í stjórnsýslu og rekstri
- Þeir geri sér jafnframt grein fyrir ábyrgð sinni
- Þeir ráði í auknum mæli til sín starfsfólk með hæfni og þekkingu til þess að hafa umsjón með skjalamálunum
- Þeir sýni starfsfólkinu fullan stuðning og ástundi sjálfir þau vinnubrögð sem ætlast er til að séu viðhöfð varðandi skjalahaldið



Upplýsingalög og alþjóðlegur dagur um frjálst aðgengi að upplýsingum (1/2)

- Upplýsingalög – *Freedom of Information Act*
- *The International Right to Know Day*
 - Haldinn 28. september ár hvert frá árinu 2003
- *The Freedom of Information Advocates Network (FOIANet)*



Upplýsingalög og alþjóðlegur dagur um frjálst aðgengi að upplýsingum (2/2)

- Hlutverk samtakanna er einkum að leggja áherslu á að réttur til upplýsinga sé virtur
 - Frjálst aðgengi að upplýsingum sem vistaðar eru hjá stjórnvöldum
 - Réttur til þess að fá vitneskju um hvernig lýðræðislega kjörnir fulltrúar nota vald sitt og hvernig fé skattborgaranna er varið
- Lönd í Austur-Evrópu og Suður-Ameríku
 - Lýðræði hefur verið takmarkað og stjórnvöld hafa haldið upplýsingum frá almenningi
- Fjöldi félaga í Bandaríkjunum
 - Sterk hefð hefur verið fyrir því að standa vörð um mannréttindi, meðal annars réttinn til upplýsinga er varða almenning